



Reykjavík 01.11.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 31. október 2018 varðandi eftirfarandi mál.

**Göngugötur Laugavegur**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 29. október 2018 varðandi tillögu að göngugötum yfir Airwaves 7-10 nóvember 2018.

*Samþykkt.*

*Vísað til borgarráðs*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Örn Sigurðsson

Fylgiskjal: bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 29. október 2018.


Reykjavík 29. október 2018

Til umhverfis- og skipulagsráðs

**Tillaga: Göngugötur í miðborg Reykjavíkur vegna Iceland Airwaves 2018**

Iceland Airwaves tónlistarhátíðin verður haldin 7-10 nóvember næstkomandi. Á hátíðina má búast við nokkur þúsund gestum í ár, innlendum sem erlendum. Auk hátíðarinnar sjálfrar verða mikið af svokölluðum „off-venue“ eða hliðarviðburðum um alla borg þessa daga. Flestir þessara viðburða verða miðsvæðis í borginni. Ekki þarf miða inn á hátíðina til þess að mæta á „off-venue“ eða hliðarviðburðina og því má gera ráð fyrir mun fleiri gestum á hátíðina en þeim sem kaupa miða.

Göngugötur hafa verið í miðborginni á meðan hátíðinni stendur undanfarin þrjú ár og sýndu talningar að umferð gangandi og hjólandi vegfarenda var ekki ósvipuð dagana sem hátíðin var í gangi og þá daga sem talið var um sumarið, eins og sjá má á súluritinu að neðan.



Lagt er til að svæðið sem gert er að göngugötu á sumrin verði göngugötusvæði dagana 7-10. nóvember 2017 meðan hátíðin Iceland Airwaves er í gangi. Það eru eftirfarandi götur:

- **Laugavegur og Bankastræti**, frá Vatnsstíg að Þingholtstræti.
- **Skólavörðustígur**, milli Bergstaðastrætis og Bankastrætis

Göngugöturnar munu verða með því sniði að lokað verði fyrir umferð frá kl.18 þá daga sem hátíðin stendur yfir en flestir „off venue“ viðburðir eru eftir þann tíma. Bifreiðastöður verða óheimilar á meðan gatan er lokað fyrir bílaumferð.

Fh. umhverfis- og skipulagssviðs,  
Edda Ívarsdóttir, verkefnastjóri borgarhönnunar